


Júlí 2020



# Ársskýrsla umhverfis- og auðlindaráðherra 2019



## Ársskýrsla umhverfis- og auðlindaráðherra

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skuggasundi 1–3 – 101 Reykjavík  
545 8600 | uar@uar.is

Júlí 2020

Ábyrgðarmaður: Guðmundur Ingi Guðbrandsson  
Umsjón: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Umbrot: Aron Freyr Heimisson  
& Einar Guðmundsson

© 2020 – Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

# Efnisyfirlit

<b>Ávarp ráðherra</b>	<b>4</b>
<b>Starfsemi ráðuneytisins</b>	<b>9</b>
Samantekt um starfsemi ráðuneytisins á árinu 2019	11
<b>Málefнасvið</b>	<b>15</b>
Umfang málefнасviða	15
<b>Rekstur og fjárfesting málefнасviða og málaflokka</b>	<b>16</b>
Rekstur málefнасviða og málaflokka	16
Fjárfestingar málefнасviða og málaflokka	19
<b>Málaflokkar</b>	<b>20</b>
Heildaryfirlit um stöðu aðgerða í árslok 2019	20
Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna eftir málaflokkum	21
<b>Yfirlit um ráðstöfun varasjóða ásamt skuldbindandi styrk- og samstarfssamningum</b>	<b>32</b>
Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða	32
Verkefna- og rekstrarstyrkir og skuldbindandi styrktarsamningar	33
<b>Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila</b>	<b>34</b>



## Ávarp ráðherra

Málefnasvið umhverfis- og auðlindaráðuneytisins öðlast sífelld meira vægi í samfélaginu og áhugi á umhverfismálum hefur til samræmis stóraukist. Á undanförunum misserum hefur orðið viðhorfsbreyting til umhverfismála, ekki síst loftslagsmála. Við stöndum frammi fyrir áskorunum þar sem breytt loftslag með hærri hita og súrnun sjávar, ásamt hnignun vistkerfa og fækkun tegunda ógna framtíð okkar og annarra lífvera á jörðinni. En gleymum því ekki að við erum kynslóðirnar sem fáum tækifæri til þess að breyta rétt og hverfa frá hegðan og hugsunarhætti fyrri tíðar, því við höfum upplýsingar og skilning á þróuninni. Við verðum sem samfélag að sjá til þess að héðan í frá verði allt kapp lagt á að hlúa að jörðinni í stað þess að ganga á hana. Það gerum við til dæmis með því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, auka kolefnisbindingu, vinna ötullega að náttúruvernd og draga úr sóun með því að styðja við myndun hringrásarhagkerfisins. Þetta eru megin áherslumál mín sem ráðherra og voru verkefni þeim tengd umfangsmikil í starfi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins á árinu 2019.

Stigin voru mikilvæg skref í loftslagsmálum, þegar gengið var frá samkomulagi Íslands, Noregs og Evrópusambandsins um sameiginlegt markmið gagnvart Parísarsamningnum um 40% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fram til ársins 2030. Hlutur Íslands í þessu sameiginlega markmiði er 29% en íslensk stjórnvöld vilja gera enn betur og stefna að 40% samdrætti fram til ársins 2030.

Í fyrra var unnið að endurskoðun Aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum, sem kom fyrst út haustið 2018. Hún kom út í uppfærðri útgáfu í lok júní 2020, með fjölda metnaðarfullra og raunhæfra aðgerða. Margar þeirra eru þegar komnar til framkvæmda að einhverju eða öllu leyti. Til að mynda endurheimt landgæða með stórauðinni landgræðslu og skógrækt og áherslu á endurheimt votlendis, sem tilkynnt var um um mitt árið 2019. Auk þess var með reglugerð í lok árs 2019 girt fyrir notkun svartolíu innan landhelgi Íslands, nema hún sé hreinsuð undir viðmiðunarmörk.

Þriðjungur þeirrar losunar gróðurhúsalofttegunda sem er á beinni ábyrgð íslenskra stjórnvalda kemur frá vegasamgöngum. Stærsta einstaka aðgerðin sem mögulegt er að ráðast í til að mæta skuldbindingum Íslands er því að draga úr þessari losun – með breyttum ferðavenjum og orkuskiptum í vegasamgöngum. Á árinu 2019 var unnið markvisst að báðum þáttum. Með lagabreytingu var til dæmis gefinn afsláttur af virðisaukaskatti af reiðhjólum, rafhjólum og rafhlaupahjólum og tók sú ákvörðun gildi um síðustu áramót. Hvað orkuskipti í samgöngum varðar þá voru til að mynda veittir styrkir til uppsetningar 43 nýrra hraðhleðslustöðva vítt og breitt um landið. Ætlunin er að stuðla að hindrunarlausum ferðum rafbíla milli landshluta.

Mikilvægt skref var stigið um mitt árið 2019 þegar Alþingi samþykkti frumvarp sem bannaði burðarpoka úr plasti. Með því var dregið úr plastmengun og stuðlað að notkun margnota vara fremur en einnota, í anda hringrásarhagkerfisins. Þá var ekki síður mikilvægt þegar umhverfisráðherrar Norðurlandanna skrifuðu undir sameiginlega yfirlýsingu á fundi sínum í Reykjavík, þar sem kallað var eftir nýjum alþjóðlegum samningi til að draga úr og fyrirbyggja losun plasts og örplasts í hafið. Við Íslendingar byggjum afkomu okkar að hluta til á auðlindum hafsins og því stendur heilbrigði þess okkur nærri. Ég undirritaði samning á árinu 2019, ásamt forstjóra Hafrannsóknastofnunar, um að efla vöktun á súrnun hafsins og áhrifum hennar á lífríki og vistkerfi í sjónum umhverfis Ísland. Við sama tilefni var gerður samningur við Veðurstofu Íslands um aukna vöktun á jökklum á Íslandi. Fyrr á árinu ákváðu stjórnvöld að efla vöktun á sjávarstöðubreytingum og skriðuhættu, m.a. með vísan í afleiðingar loftslagsbreytinga. Bætt vöktun á öllum þessum þáttum styrkir starf við hættumat og almannavarnir og nýtingu auðlinda, auk þess að bæta vísindalega þekkingu. Góð vöktun er líka lykill að aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum í framtíðinni.

Árið 2018 setti ég af stað sérstakt átak ráðuneytisins og Umhverfisstofnunar um friðlýsingar þar sem áhersla er lögð á fernt; að ljúka vinnu við friðlýsingar svæða í verndarflokki rammaáætlunar sem Alþingi samþykkti árið 2013, að vinna að friðlýsingu

svæða á grundvelli gildandi náttúruverndaráætlana sem einnig hafa verið samþykktar á Alþingi, að friðlýsa svæði sem eru undir álagi ferðamanna og að lokum að vinna að stækkun þjóðgarða. Á árinu 2019 friðlýsti ég Akurey á Kollafrði, en markmiðið með friðlýsingu hennar var ekki síst að vernda mikilvæg búsvæði sjófugla á borð við lunda. Vatnajökulsþjóðgarður var stækkaður á árinu, svo nú tilheyrir Herðubreið, drottning íslenskra fjalla, þjóðgarðinum ásamt þjóðlendunni vestur af henni og allt Ásbyrgi. Í ágúst urðu svo tímamót þegar vatnasvið Jökulsár á Fjöllum var friðlýst gegn orkuvinnslu, en það var fyrsta svæðið af tólf í verndarflokki rammaáætlunar til þess að vera friðlýst. Á síðasta ári var unnið að fjölmörgum friðlýsingum sem gert er ráð fyrir að gangi í gegn á árinu 2020.

Í mars tilkynnti ég um úthlutanir til uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum og náttúruverndarsvæðum sem gerðu mögulegt að ráðast í stórfellda uppbyggingu á svæðunum. Tilkoma Landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum árið áður markaði vatnaskil í umhverfisvernd á Íslandi, því margar af perlum íslenskrar náttúru voru undir miklu álagi vegna mikils ágangs ferðamanna. Þeirri þróun var víða snúið við með markvissri uppbyggingu innviða. Á friðlýstum svæðum starfar fjöldi landvarða en ríflega 300 milljónum króna var varið sérstaklega til eflingar landvörslu á árinu og landvörðum sem starfa allan ársins hring fer fjölgandi í öllum landshlutum.

Í lok ársins skilaði nefnd, sem ég skipaði árið 2018, skýrslu sinni um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Nefndin var skipuð fulltrúum allra þingflokka á Alþingi, Sambands íslenskra sveitarfélaga, umhverfis- og auðlindaráðuneytis og forsætisráðuneytis. Samhliða vinnu nefndarinnar var í ráðuneytinu unnið að gerð frumvarps um stofnun Hálandisþjóðgarðs, og voru drög að frumvarpi um Hálandisþjóðgarð sett í samráðsgátt stjórnvalda í lok árs. Mikil umræða hefur verið um frumvarpið, enda um stefnumarkandi mál að ræða á sviði náttúruverndar og byggðapróunar. Ég tel að stofnun Hálandisþjóðgarðs sé stærsta framlag Íslands til náttúruverndar í heiminum hingað til auk þess sem hann myndi skapa ótal efnahagsleg tækifæri fyrir byggðirnar í kring.

Á árinu 2019 samþykkti Alþingi ný lög um skóga og skógrækt þar sem mótaður var mun skýrari rammi fyrir stefnumótun og skipulag skógræktar, vernd og endurheimt birkiskóga og nýtingu á ræktuðum skógi. Þá voru gerðar breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum en einnig á lögum um loftslagsmál, þar sem Loftslagsráð var fest í sessi. Á árinu var Loftslagssjóði einnig komið á fót og honum skipuð stjórn. Sjóðnum er ætlað að veita fjármagni til nýsköpunar og fræðslu um loftslagsmál.

Eitt af áherslumálum mínum sem ráðherra er að tryggja aðkomu almennings að ákvarðanatöku í umhverfismálum eins og Árósasamingurinn kveður á um. Í upphafi ársins 2019 kynnti ég í ríkisstjórn aðgerðaáætlun til fjögurra ára sem sett var fram til að fylgja eftir skuldbindingum Íslands vegna Árósasamningsins sem og áherslum stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar hvað samninginn varðar. Frjáls félagasamtök gegna mikilvægu hlutverki í framfylgd Árósasamningsins. Ég hef því lagt áherslu á að auka stuðning við frjáls félagasamtök með auknum fjárframlögum í formi styrkja í þágu rekstrar- og umhverfisverkefna, m.a. með samningum til lengri tíma um umhverfistengd verkefni eins og Skóla á grænni grein (Grænfánaverkefnið) og Landgræðsluskóga.

Aukinn áhugi á umhverfismálum og vitund um áhrif loftslagsbreytinga hefur leitt til mikilvægrar umræðu í íslensku samfélagi. Stjórnvöld finna fyrir hvatningu almennings og aðhaldi og gerðar eru kröfur um að þau nái settum markmiðum. Til þess þurfa stjórnvöld að standa undir þeirri ábyrgð sem þeim er falin - og það ætla stjórnvöld að gera.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson  
*umhverfis- og auðlindaráðherra*

---

# Starfsemi ráðuneytisins

---



# Starfsemi ráðuneytisins

Verkefni ráðuneytisins ná til fjölmargra sviða þjóðfélagsins er varða meðal annars loftslags- og loftgæðamál, náttúruvernd, landskipulag og landnýtingu, skógrækt, landgræðslu, úrgangs- og fráveitumál, vernd hafs og vatns, veður og náttúruvá, mengunarvarnir og hollustuhætti, mat á umhverfisáhrifum, upplýsingarétt, veiðistjórnun villtra dýra og landupplýsingar. Starfsemi ráðuneytisins á sviði umhverfismála hefur þannig tengingu við fjölmörg svið mannlífs og atvinnulífs.

Verkefni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins falla að mestu leyti undir eitt málefnasvið; málefnasvið 17 Umhverfismál. Málefnasviðið og verkefni þessa skiptast í eftirfarandi fimm málaflokka:

- **17.1 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla**
- **17.2 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands**
- **17.3 Meðferð úrgangs**
- **17.4 Varnir gegn náttúruvá**
- **17.5 Stjórnsýsla umhverfismála**

Auk þess fer ráðherra umhverfis- og auðlindamála með hlutdeild í tveimur málaflokkum tveggja annarra málefnasviða: málefnasvið 6 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál, sbr. starfsemi Landmælinga Íslands í málaflokki 06.2, og málefnasvið 8 Sveitarfélög og byggðamál, sbr. hlutverk Skipulagssjóðs í málaflokki 08.1. Verkefni eru á höndum 13 stofnana auk aðalskrifstofu ráðuneytisins. Enn fremur heyra Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR) og Endurvinnslan hf. undir ráðuneytið auk átta náttúrustofa víðsvegar um landið sem eru á forræði sveitarfélaga en fá rekstrarstyrk í gegnum fjárlög.

Í fjármálaáætlun 2019-2023 voru tilgreindar helstu áskoranir innan málefnasviðsins er miða að því marki að uppfylla framtíðarsýn ráðuneytisins.

- Að tryggja að unnið sé að því að uppfylla þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist í loftslagsmálum með Kyoto-bókuninni og Parísarsamningnum og jafnframt að þeim markmiðum ríkisstjórnarinnar verði náð að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040.
- Að tryggja að nýting lands sé sjálfbær, m.a. samfara auknu álagi vegna verulegrar fjölgunar ferðamanna er sækja landið heim.

- 
- Að auka sjálfbærni nýtingar náttúruauðlinda á öllum sviðum samfélagsins, þ.m.t. framleiðslu, neyslu og úrgangsstjórnun.
- 
- Að tryggja ásættanlegt vöktunar- og varnarstig vegna náttúruvár, en hætta á mann- og eignatjóni hefur vaxið vegna áhrifa loftslagsbreytinga, og aukinnar skjálftavirkni í megineldstöðvum og vegna aukins ferðamannastraums um áhættusvæði árið um kring.
- 

## Framtíðarsýn ráðuneytisins

Ísland er meðal leiðandi þjóða í loftslagsmálum, verndun náttúrufarslegra verðmæta, minni myndun og urðun úrgangs og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og leggi þannig af mörkum fyrir komandi kynslóðir. Öryggi almennings gagnvart náttúruvá verði eins og best verður á kosið.



## Samantekt um starfsemi ráðuneytisins á árinu 2019

14. janúar

Átaksverkefni í jarðfræðikortlagningu Íslands og skráningu jarðminja ýtt úr vör. [Nánar>](#)

25. janúar

Norrænu forsætis- og umhverfisráðherrarnir undirrita sameiginlega yfirlýsingu um loftslagsmál í Helsinki. [Nánar>](#)



21. febrúar

Þriggja ára styrktarsamningur vegna Grænánavekerfnisins undirritaður. [Nánar>](#)



7. febrúar

Styrkjum úthlutað til verkefna á sviði ráðuneytisins og reksturs félagasamtaka sem starfa að umhverfisvernd. [Nánar>](#)

14. mars

Ráðherra ávarpar Umhverfisþing Sameinuðu þjóðanna í Naírobí í Kenía fyrir Íslands hönd. [Nánar>](#)



22./26. mars

Ríkisstjórnin samþykkir að Ísland fullgildi Landslags-samning Evrópu. [Nánar>](#)

9. apríl

Loftslagsstefna Stjórnarráðsins samþykkt á ríkisstjórnarfundum. [Nánar>](#)

5. apríl

Hafist handa við fyrsta áfanga framkvæmda við Þjóðgarðs-miðstöð á Hellissandi. [Nánar>](#)

27. mars

3,5 milljörðum úthlutað til uppbyggingar innviða 2019 -2021 á 130 fjölsóttum stöðum í náttúru Íslands og víðar. [Nánar>](#)

10. apríl

Umhverfisráðherrar Norðurlandanna funda í Reykjavík og kalla eftir alþjóðlegum samningi gegn losun plasts í hafið. [Nánar>](#)



16. apríl

Samningur undirritaður um rannsóknir og vöktun Náttúrustofu Vesturlands á minkum. [Nánar>](#)

2. maí

Alþingi samþykkir ný lög um skóga og skógrækt. Þetta er fyrsta heildarendurskoðun eldri laga sem eru frá árinu 1955. [Nánar>](#)

30. apríl

Krónan hlýtur Kuðunginn og nemendur í Ártúnsskóla og Valhúsaskóla eru útnefndir Varðliðar umhverfisins. [Nánar>](#)



3. maí

Akurey í Kollafirði friðlýst sem friðland. [Nánar>](#)



6. maí

Alþingi samþykkir lög sem banna plastburðarpoka. [Nánar>](#)

**16. maí**

Ráðstefna Loftslagsráðs um aðlögun að loftslagsbreytingum undir yfirskriftinni „Erum við viðbúin?“ [Nánar>](#)



**28. maí**

Samstarfsvettvangur stjórnvalda og atvinnulífs um loftslagsmál og grænar lausnir stofnaður. [Nánar>](#)

**14. júní**

Breytingar á lögum um loftslagsmál samþykktar á Alþingi. [Nánar>](#)

**4. júní**

Tilkynnt um ráðstöfun 450 milljóna króna vegna orkuskipta í samgöngum. [Nánar>](#)



**18. júní**

Viljayfirlýsing stjórnvalda, stóriðjunnar og Orkuveitu Reykjavíkur um hreinsun og bindingu kolefnis undirrituð. [Nánar>](#)



**20. júní**

Breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum samþykktar á Alþingi. [Nánar>](#)

**2. júlí**

Viðamiklar aðgerðir til að auka kolefnisbindingu og efla lífríki kynntar; landgræðsla og skóg-rækt tvöfölduð og endurheimt votlendis aukin. [Nánar>](#)

**29. júní**

Vatnajökulspjóðgarður stækkaður og Herðubreiðarfriðland verður hluti af þjóðgarðinum. [Nánar>](#)



**5. júlí**

Vatnajökulspjóðgarður settur á heimsmínjaskrá Menningar- málstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). [Nánar>](#)

**10. ágúst**

Vatnasvið Jökulsár á Fjöllum fyrsta svæðið sem friðlýst er gegn orkuvinnslu skv. rammaáætlun. [Nánar>](#)



**8. september**

Viljayfirlýsing Íslands og Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna um samstarf á sviði landgræðslu undirrituð. [Nánar>](#)

**1. september**

Brugghúsið Segull 67 hlýtur Bláskelina, nýja viðurkenningu fyrir framúrskarandi plastlausu lausn. [Nánar>](#)

**10. september**

Ráðherra ávarpar aðildarríkja- þing Eyðimerkursamnings Sameinuðu þjóðanna (UNCCD) í Nýju-Delí. [Nánar>](#)



**16. september**

Jörðin Dynjandi gefin íslenska ríkinu á Degi íslenskrar náttúru í tilefni af 75 ára afmæli lýðveldisins. [Nánar>](#)

**16. september**

Sagafilm fær fjölmiðlaverðlaun ráðuneytisins og Jón Stefánsson Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Bratttholti. [Nánar>](#)

**19. september**

Aðgerðum gegn matarsóun ýtt úr vör sem liður í aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum. [Nánar>](#)

**25. september**

Ríflega 250 milljónum króna varið til að efla vöktun á súrnun sjávar og á jöklum næstu fimm árin. [Nánar>](#)

**22. október**

Styrkjum úthlutað til uppsetningar hleðslustöðva við gististaði um land allt. [Nánar>](#)

**11. október**

Ráðherra ræðir náttúruvernd og loftslagsmál á Hringborði norðurslóða í Hörpu í Reykjavík. [Nánar>](#)



**25. október**

Gengið frá samkomulagi Íslands og Noregs við ESB á sviði loftslagsmála. [Nánar>](#)

**30. október**

Norrænir umhverfis- og loftslagsráðherrar undirrita í Stokkhólmi yfirlýsingu um sjálfbærni í hafmálum. [Nánar>](#)



**11. nóvember**

Styrkjum úthlutað til uppsetningar öflugra hraðhleðslustöðva um allt land. [Nánar>](#)

**5. nóvember**

Ísland skipar Aðalbjörgu Egilsdóttur ungmennafulltrúa hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði loftslagsmála. [Nánar>](#)



**28. nóvember**

Opnað fyrir umsóknir í Loftslagssjóð – um 500 milljónir til úthlutunar á fimm árum. [Nánar>](#)



**6. desember**

Reglugerð um bann við notkun svartolíu í landhelgi Íslands undirrituð. [Nánar>](#)

**3. desember**

Nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands skilar skýrslu um þjóðgarð á miðhálandinu. [Nánar>](#)



**10. desember**

Ráðherra ávarpar loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (COP25) í Madrid á Spáni. [Nánar>](#)



---

# Málefñasvið

---


# Málefнасvið

## Umfang málefnasviða

Myndin sýnir raunútgjöld málefnasviða sem heyra að hluta til eða í heild undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Raunútgjöld málefnasviða í heild námu 15.995 m.kr.

### Rekstrargjöld og fjárfestingar 2019

Rekstrarútgjöld og fjárfestingar alls 15.995 m.kr.



**Mynd 1.** sýnir raunútgjöld málefnasviða sem heyra að hluta til eða í heild undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

# Rekstur og fjárfesting málefnasviða og málaflokka

## Rekstur málefnasviða og málaflokka

Í töflunni hér að neðan er að finna fjárhagsupplýsingar eftir málaflokkum málefnasviða. Taflan sýnir raungjöld, rekstur og tilfærslur, í m.kr. að frádregnum rekstrartekjum í samanburði við áætlanir ársins 2019 ásamt uppsöfnuðum frávikum fyrri ára.

**Tafla 1.** Rekstur án fjárfestinga — málefnasvið sundurliðað niður á málaflokka.

Málefnasvið / málaflokkar	Raun	Áætlun ársins	Frávik frá áætlun	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Uppsafnað frávik	Frávik %
<b>06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál</b>	<b>320,1</b>	<b>309,5</b>	<b>-10,6</b>	<b>-3,4%</b>	<b>32,1</b>	<b>21,5</b>	<b>6,3%</b>
0610 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	320,2	309,5	-10,6	-3,4%	32,1	21,5	6,3%
<b>08 Sveitarfélög og byggðamál</b>	<b>261,1</b>	<b>218,5</b>	<b>-42,6</b>	<b>-19,5%</b>	<b>129,2</b>	<b>86,6</b>	<b>24,9%</b>
0810 - Framlög til sveitarfélaga	261,1	218,5	-42,6	-19,5%	129,2	86,6	24,9%
<b>17 Umhverfismál</b>	<b>14.706,8</b>	<b>14.939,8</b>	<b>233,0</b>	<b>1,6%</b>	<b>1.946,9</b>	<b>2.179,8</b>	<b>12,9%</b>
1710 - Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla	3.488,0	3.396,3	-91,7	-2,7%	-230,1	-321,9	-10,2%
1720 - Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands	1.887,0	1.862,0	-25,0	-1,3%	9,8	-15,1	-0,8%
1730 - Meðhöndlun úrgangs	4.760,9	4.809,5	48,5	1,0%	1.254,3	1.302,8	21,5%
1740 - Varnir vegna náttúruvá	743,1	1.067,3	324,2	30,4%	337,2	661,5	47,1%
1750 - Stjórnslýsla umhverfismála	3.827,7	3.804,7	-23,1	-0,6%	575,7	552,6	12,6%
<b>Samtals</b>	<b>15.287,9</b>	<b>15.467,8</b>	<b>179,8</b>	<b>1,2%</b>	<b>2.108,2</b>	<b>2.288,0</b>	<b>13,0%</b>

Fjárhæðir í milljónum króna

Taflan sýnir m.a. frávik rekstrargjalda umfram rekstrartekjur (raun) frá fjárheimild ársins til rekstrar (áætlun ársins) í krónum og prósentum og frávik rekstrargjalda umfram rekstrartekjur frá fjárheimild ársins til rekstrar að viðbætti árslokastöðu fyrra árs.

Í málaflokki 17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla er neikvætt frávik rekstrar frá fjárheimild ársins 91,7 m.kr. eða 2,7% en að teknu tilliti til árslokastöðu fyrra árs (uppsafnað frávik) er frávik neikvætt um 321,9 m.kr. eða 10,2%. Helstu skýringar á uppsöfnuðu frávikum í árslok 2019 eru:



- 
- Neikvætt frávik hjá Vatnajökulsþjóðgarði að fjárhæð 150 m.kr. vegna hallareksturs á árinu 2017 sem nam 200 m.kr. Gerð var úttekt á starfsemi stofnunarinnar á árinu 2018 og unnið er að hagræðingu í rekstri.
- 
- Neikvætt frávik hjá Þingvallabjörggarði að fjárhæð 55 m.kr. sem skýrist að stærstum hluta af ófyrirséðum kostnaði á árinu 2017 í tengslum við endurbætur á þjónustumiðstöð. Jákvætt frávik var í rekstri stofnunarinnar á árinu 2019 að fjárhæð 15 m.kr.
- 
- Neikvætt frávik hjá Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum að fjárhæð 81 m.kr. Neikvæðri stöðu verður náð niður á árinu 2020.
- 

Í málaflokki 17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands er neikvætt frávik rekstrar frá fjárheimild ársins 25 m.kr. eða 1,3% en að teknu tilliti til höfuðstóls frá fyrra ári er fráviknið neikvætt um 15 m.kr. eða 0,8%. Helstu skýringar á uppsöfnuðu frávikni í árslok 2019 eru:

- 
- Neikvætt frávik hjá Veðurstofu Íslands að fjárhæð 65 m.kr. sem skýrist af kostnaði vegna aukinnar vöktunar með Örfafajökli 2017 og 2018 sem stofnunin hefur ekki fengið bættan.
- 
- Jákvætt frávik á varasjóði málaflokks að fjárhæð 28,7 m.kr.
- 
- Jákvætt frávik hjá Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn að fjárhæð 14,2 m.kr.
- 

Í málaflokki 17.30 Meðhöndlun úrgangs er jákvætt frávik rekstrar frá fjárheimild ársins 48,5 m.kr. eða 1,0% en að teknu tilliti til árslokastöðu fyrra árs er fráviknið jákvætt um 1.302,8 m.kr. eða 21,5%. Helstu skýringar á uppsöfnuðu frávikni eru:

- 
- Jákvætt frávik hjá Úrvinnslusjóði að fjárhæð 1.252 m.kr. en fráviknið skýrist af því að hluti tekna fer í að mæta framtíðarskuldbindingum einstaka vörflokka.
- 
- Frávik hjá Endurvinnslunni hf. að fjárhæð 51 m.kr. Innheimt skilagjald og umsýsluþóknun umfram tekjuáætlun myndar jákvæða árslokastöðu á fjárlagalið.
-

Í málafllokki 17.40 Varnir gegn náttúruvá er jákvætt frávik rekstrar frá fjárheimild ársins 324,2 m.kr. eða 30,4% en að teknu tilliti til árslokastöðu fyrra árs er frávikíð jákvætt um 661,5 m.kr. eða 47,1%. Skýring á uppsöfnuðu frávikum er:

- 
- Jákvætt frávik hjá Ofanflóðasjóði að fjárhæð 661,5 m.kr. sem skýrist að stórum hluta á seinkun framkvæmdaverkefnis vegna kæru útboðs.
- 

Í málafllokki 17.50 Stjórnsýsla umhverfismála er neikvætt frávik rekstrar frá fjárheimild ársins 23 m.kr. eða -0,6% en að teknu tilliti til árslokastöðu fyrra árs er frávikíð jákvætt um 553 m.kr. eða 12,6%. Helstu skýringar á uppsöfnuðu frávikum eru:

- 
- Jákvætt frávik hjá Umhverfisstofnun að fjárhæð 157 m.kr. sem skýrist einkum af tölum á verkefnum, s.s. stofnun Hornstrandastofu, framkvæmd norræns formennskuverkefnis (NatNorth), óúthlutuðum styrkjum úr sértækum hluta veiðikortasjóðs og ýmsum fleiri verkefnum sem mörg hver hafa komist á góðan rekspöl á árinu 2020.
  - Jákvætt frávik á fjárlagaliðnum Ýmis verkefni að fjárhæð 201 m.kr. sem skýrist af fjármögnun skuldbindandi samninga, tölum á einstaka verkefnum og uppsöfnuðum rekstrarafgangi.
  - Jákvætt frávik hjá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu að fjárhæð 71 m.kr. sem skýrist af uppsöfnuðum rekstrarafgangi og seinkun verkefna.
  - Jákvætt frávik vegna varasjóðs málaflokks að fjárhæð 83,5 m.kr.
- 

Nánari frávikagreiningu og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila er að finna hér aftar í skýrslunni.

## Fjárfestingar málefnasviða og málaflokka

Tafla 2. Fjárfestingar – málefnasvið sundurliðað niður á málaflokka.

Málaflokkar	Fjárheimild ársins	Ónýtt heimild frá fyrr ári	Fjárfesting á árinu	Óráðstafað í árslok
<b>06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál</b>	22,4	-15,4	-7,4	-0,3
0610 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	22,4	-15,4	-7,4	-0,3
<b>17 Umhverfismál</b>	<b>1.357,0</b>	<b>1.012,9</b>	<b>-700,1</b>	<b>1.669,8</b>
1710 - Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla	735,6	368,3	-278,7	825,3
1720 - Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands	91,9	6,2	-95,0	3,1
1730 - Meðhöndlun úrgangs	1,2	0,8	-2,0	0,0
1740 - Varnir vegna náttúruvá	14,8	161,6		176,4
1750 - Stjórnsýsla umhverfismála	513,4	476,0	-324,3	665,1
<b>Samtals</b>	<b>1.379,4</b>	<b>997,5</b>	<b>-707,4</b>	<b>1.669,4</b>










Fjárhæðir í milljónum króna





# Málaflokkar

## Heildaryfirlit um stöðu aðgerða í árslok 2019

Í meðfylgjandi mynd má sjá yfirlit yfir stöðu aðgerða á málefnasviði 17 Umhverfismál. Í það heila voru 21 aðgerðir skilgreindar í málaflokkunum fimm.

### Yfirlit yfir stöðu aðgerða á málefnasviði 17 í árslok 2019.

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða	Samt.
17.1 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla	 2  1	3
17.2 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands	 1  2	3
17.3 Meðferð úrgangs	 3	3
17.4 Varnir gegn náttúruvá	 1	1
17.5 Stjórnslásla umhverfismála	 6  4  1	11
<b>Samtals aðgerðir</b>	 1  9  9  2	<b>21</b>

 Aðgerð ekki hafin  
  Undirbúningur hafinn  
  Aðgerð hafin  
  Aðgerð komin vel á veg  
  Aðgerð lokið

# Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna eftir málaflokkum

## Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla Málaflokkur 17.10

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2019 eru skilgreind tvö markmið fyrir málaflokk 17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla.

### 1. Að tryggja náttúrulega sjálfbærni skilgreindra náttúruverndarsvæða.

Markmiðið beinist einkum að því að stýra álagi og byggja upp nauðsynlega innviði og þjónustu til að mæta auknu álagi vegna ferðamanna, s.s. með skipulegri uppbyggingu þjónustumiðstöðva, gerð göngustíga, aukinni landvörslu og fræðslu og leiðbeininga til ferðamanna. Mælikvarði markmiðsins byggir á mati á ástandi áfangastaða. Umhverfisstofnun vann að mati á ástandi 109 áfangastaða innan friðlýstra svæða og svæða á náttúruminjaskrá í sinni umsjón og stefnt er að því að Vatnajökulsþjóðgarður og Þjóðgarðurinn á Þingvöllum innleiði slíkt mat árið 2020.

### 2. Að framkvæma heildstætt mat á sjálfbærni nýtingar gróður- og jarðvegsauðlinda og að fyrir liggja á hverjum tíma upplýsingar um losun og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri.

Markmiðið beinist einkum að þeirri stefnu að fyrir liggja á hverjum tíma upplýsingar um hvort landnýting geti talist sjálfbær og hver þáttur landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar er í losunarbókhaldi Íslands. Markmiðið tekur til heilstæðs mats á ástandi, nýtingu og kolefnisbúskap gróður- og jarðvegsauðlindarinnar. Talsvert skortir á að heildstætt mat á kolefnisbúskap lands liggja fyrir sem uppfyllir kröfur Evrópusambandsins.

Heildarfjárheimild málaflokksins skv. fjárlögum fyrir árið 2019 er 5.412,2 m.kr. og hækkar um 856,7 m.kr. frá fjárheimildum 2018. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins voru að var aukin um 354 m.kr. til Landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum sbr. markmið nr. 1 og aðgerð 1. Fjárheimild málaflokksins var aukin um 250 m.kr. vegna aukinnar endurheimtar landgræða, s.s. skógræktar, landgræðslu og votlendis og til eflingar rannsókna og vöktunar á loftslagsáhrifum landgræðslu, til eflingar rannsókna á áhrifum vegna endurheimt votlendis og vegna eflingar kolefnisbókhalds tengt loftslagsmálum, sbr. markmið 2 og aðgerð 3 en einnig í samræmi við markmið 1 í málaflokki 17.5 og aðgerðir 1 og 2 í þeim málaflokki. Fjárheimild málaflokksins var einnig aukin um 80 m.kr. vegna aukinnar landvörslu og 40 m.kr. vegna eflingar starfsemi í tengslum við auknið álag vegna aukins fjölda ferðamanna innan þjóðgarða sbr. markmið 1 og aðgerð 2.

## Árangursmælingar markmiða

### Yfirlit yfir stöðu mælanlegra markmiða í málaflokki 17:10

	Víðmið 2019	Raun 2019
<b>Mælikvarðar fyrir sjálfbæra nýtingu náttúruverndarsvæða:</b>		
Hlutfall áfangastaða innan náttúruverndarsvæða innan þolmarka.	90%	81%
Hlutfall áfangastaða metinn.	Óljós grunnstærð til að leggja mat á hlutfall.	Ástand 109 áfangastaða innan náttúruverndarsvæða metið.
<b>Mælikvarðar fyrir innleiðingu heildstæðs vöktunarkerfis um ástand gróður- og jarðvegsauðlinda:</b>		
Hluti vöktunarkerfis kominn á.	Vöktun hafin	Vöktun hafin

## Staða aðgerða

### Yfirlit yfir stöðu aðgerða í málaflokki 17:10

#### Aðgerðir 2019, sbr. fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarp.

Aðgerð	Staða
Unnið eftir landsáætlun um innviði til verndar náttúru og menningar-sögulegum minjum að skipulagi og uppbyggingu á áfangastöðum, sem meðal annars byggir á samræmdu mati á ástandi áfangastaða, og aukinni fagþekkingu á viðfangsefnum áætlunarinnar.	● Unnið að verkefnum í samræmi við verkefnaáætlun 2019-2021 víðs vegar um land.
Aukið við landvörslu á landi í umsjá Vatnajökulsþjóðgarðs sem er undir álagi vegna ágangs ferðamanna.	● Ársverkum í landvörslu innan Vatnajökulsþjóðgarði fjölgaði úr 24 árið 2018 í 33 árið 2019
Unnið að breytingum á landnotkun með auknum aðgerðum á sviði skógræktar, landgræðslu og endurheimtar votlendis, samhliða vöktun á kolefnisforða í jarðvegi og gróðri, og stöðu og nýtingu gróður- og jarðvegsauðlindar.	● Flatarmál gróðursetninga í skógrækt jókst úr 1.000 ha árið 2018 í 1.200 ha árið 2019. Umfang nýrra landgræðslusvæða dróst saman úr 6.780 ha í 4.527 ha á milli ára 2018 og 2019, einkum vegna verðhækkana á tilbúnum áburði á milli ára. Votlendi var endu heimt á 149 ha sem er veruleg aukning frá fyrri árum.

● Aðgerð ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Aðgerð komin vel á veg   ● Aðgerð lokið

## Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands Málaflokkur 17.20

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2019 eru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands.

---

### 1. Efling og þétting mælanets vöktunarkerfa vegna náttúruvár.

Markmiðið er liður í að efla og þétta mælanet vöktunarkerfa vegna náttúruvár til að geta vaktað allar veigamestu tegundir náttúruvár á helstu stöðum á landinu þannig að hægt sé að gefa út viðvaranir í því skyni að vernda líf og eignir landsmanna og auka öryggi ferðafólks. Unnið er að innleiðingu áætlana um eflingu jarðmælingakerfis, vatnamælingakerfis og veðurmælinga- og fjarkönnunarkerfa.

---

### 2. Vöktun á náttúru Íslands og skráning berg- og jarðgrunna.

Markmiðið er liður í að tryggja að á hverjum tíma liggi fyrir aðgengilegar upplýsingar um ástand náttúrunnar og upplýsingar um berg- og jarðgrunna landsins sem er nauðsynlegur grunnur að sjálfbærri nýtingu jarðrænna auðlinda. Unnið er samkvæmt áætlun að vöktun og skráningu berg- og jarðgrunna.

---

### 3. Rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga.

Megintilgangur þessa markmiðs er að auka viðnámsþol og aðlögunargetu vegna loftslagstengdrar hættu og náttúruhamfara. Einnig að grípa til ráðstafana vegna afleiðinga loftslagsbreytinga sem m.a. verði felldar inn í landsbundnar áætlanir, stefnumál og skipulag í framtíðinni. Heildstæð áætlun liggur ekki fyrir en ýmsar rannsóknir eru í gangi.

---

Heildarfjárheimild til málaflokksins í fjárlögum 2019 var 3.466,9 m.kr. og hækkaði um 111,6 m.kr. frá fjárheimildum 2018.

## Árangursmælingar markmiða

### Yfirlit yfir stöðu mælanlegra markmiða í málaflokki 17.20

	Víðmið 2019	Raun 2019
<b>Mælikvarðar fyrir eflingu og þéttingu mælanets vöktunarkerfa vegna náttúruvár:</b>		
Gerð áætlunar um eflingu og þéttingu mælanets vöktunarkerfa vegna náttúruvár á svæðum í forgangi.	Áætlun liggja fyrir og vinna hafin.	Langtímaáætlun um eflingu vöktunar á gosbeltinu er tilbúin til innleiðingar.
<b>Mælikvarðar fyrir vöktun á náttúru Íslands og skráningu berg- og jarðgrunna:</b>		
Staða áætlunar.	Áætlun liggja fyrir og vinna hafin.	Vinna hafin samkvæmt áætlun.
<b>Mælikvarðar fyrir áætlun um rannsóknir á veigamiklum rannsóknarþáttum varðandi áhrif loftslagsbreytinga:</b>		
Staða áætlunar.	Áætlun liggja fyrir og vinna hafin.	Áætlun liggur ekki fyrir.

## Staða aðgerða

Samstarfsverkefni NÍ, náttúrustofa, þjóðgarða og Umhverfisstofnunar um vöktun náttúruverndarsvæða, sem er m.a. hluti af vöktun lykilþátta í náttúru Íslands, var sett á laggirnar. Unnið hefur verið að bættri vöktun náttúruvár með betrubótum á jarðmælinga-, vatnamælinga- og veðurmælinga- og fjarkönnunarkerfum í samræmi við langtímaáætlanir.



## Yfirlit yfir stöðu aðgerða í málaflokki 17.20

### Aðgerðir 2019, sbr. fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarp.

Aðgerð	Staða
Unnið að eflingu vöktunarkerfa vegna náttúruvár	● Áætlun liggur fyrir.
Unnið að skráningu berg- og jarðgrunna á landinu.	● 18.700 km <sup>2</sup> kortlagðir og skráðar 130 jarðminjar. Aðgerðin er langtímaverkefni.
Unnið að rannsóknum á áhrifum loftslagsbreytinga.	● Skýrsla um helstu áhrif liggur fyrir en vinna við áætlun ekki hafin.

● Aðgerð ekki hafin  
 ● Undirbúningur hafinn  
 ● Aðgerð hafin  
 ● Aðgerð komin vel á veg  
 ● Aðgerð lokið

## Meðferð úrgangs Málaflokkur 17.30

Í fjárlögum fyrir árið 2019 var skilgreint eitt markmið fyrir málaflokk 17.30 Meðhöndlun úrgangs.

### 1. Endurskoðun stefnu og markmiða fyrir endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs.

Megintilgangur þessa markmiðs er að stíga ákveðin skref í innleiðingu hringrásarhagkerfisins þar sem markvisst er komið í veg fyrir myndun úrgangs hér á landi. Endurskoðun markmiðasetningar fyrir úrgang sem ber úrvinnslu- og/eða skilagjald leiðir til þess að meira magn úrgangs skilar sér til endurvinnslu og endurnýtingar. Þannig minnkar hlutfall óendurvinnanlegs úrgangs af heildarúrgangi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins í fjárlögum 2019 nam 4.879,0 m.kr. og hækkaði um 305 m.kr. frá fjárheimildum 2018. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins voru annars vegar að fjárheimild til Endurvinnslunnar hf. var aukin um 280 m.kr. vegna áætlunar um aukningu í innheimtu á skila- og umsýslugjaldi frá fyrra ári. Hins vegar að fjárheimild til Úrvinnslusjóðs var aukin um 105,9 m.kr. vegna áætlunar um aukningu í innheimtu á úrvinnslugjaldi frá fyrra ári.

## Árangursmælingar markmiða

### Yfirlit yfir stöðu mælanlegra markmiða í málaflokki 17.30

	Víðmið 2019	Raun 2019
<b>Mælikvarðar fyrir að koma á hringrásarhagkerfi þar sem markvisst er komið í veg fyrir myndun úrgangs:</b>		
Að fyrir árslok 2019 verði lokið við að endurskoða stefnu og markmið fyrir úrgang er ber úrvinnslu og/eða skilagjald á grunni hringrásarhagkerfisins.	Endurskoðun stefnu og markmiða lokið 2019.	Drög að endurskoðaðri stefnu og markmiðum lá fyrir í lok árs 2019.

## Staða aðgerða

### Yfirlit yfir stöðu aðgerða í málaflokki 17.30

#### Aðgerðir 2019, sbr. fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarp.

Aðgerð	Staða
Á árinu verði unnið að endurskoðun og setningu markmiða um endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs með hliðsjón af stefnu Evrópusambandsins um hringrásarhagkerfið.	● Aðgerð komin vel á veg og gert ráð fyrir að ráðherra gefi út nýja stefnu á árinu 2020.
Framkvæmd úrgangsfornastefnunnar Saman gegn sóun 2016-2027.	● Nokkrar aðgerðir hafa verið settar í framkvæmd.
Framkvæmd aðgerðaáætlunar um plast.	● Nokkrar aðgerðir hafa verið settar í framkvæmd.  Lög samþykkt 2019 um skyldu til gjaldtöku af burðarpokum og banni við þeim frá 2021.  Gert er ráð fyrir að ný aðgerðaáætlun í plast-málefnum verði sett árið 2020.

● Aðgerð ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Aðgerð komin vel á veg   ● Aðgerð lokið

## Varnir gegn náttúruvá Málaflokkur 17.40

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2019 eru skilgreint eitt markmið fyrir málaflokk 17.40 Varnir gegn náttúruvá.

### 1. Að ljúka sex verkframkvæmdum fyrir 2023.

Markmiðið er liður í því að auka lífsgæði landsmanna er búa við vö vegna ofanflóða

Heildarfjárheimild til málaflokksins í fjárlögum 2019 nam 4.879,0 m.kr. og hækkaði um 305 m.kr. frá fjárheimildum 2018. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins voru annars vegar að fjárheimild til Endurvinnslunnar hf. var aukin um 280 m.kr. vegna áætlunar um aukningu í innheimtu á skila- og umsýslugjaldi frá fyrra ári. Hins vegar að fjárheimild til Úrvinnslusjóðs var aukin um 105,9 m.kr. vegna áætlunar um aukningu í innheimtu á úrvinnslugjaldi frá fyrra ári.

## Stöðumat markmiða

Heildarfjárheimild til málaflokksins í fjárlögum 2019 nam 1.082,1 m.kr. og lækkar um 34,9 m.kr. frá fjárheimildum 2018. Árangursmælingar markmiða.

### Yfirlit yfir stöðu mælanlegra markmiða í málaflokki 17.40

	Víðmið 2019	Raun 2019
<b>Mælikvarðar fyrir fjölda ólokinna verkefna.</b>		
Fjöldi ólokinna verkefna.	21	21

## Staða aðgerða

### Yfirlit yfir stöðu aðgerða í málaflokki 17.40

#### Aðgerðir 2019, sbr. fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarp.

Aðgerð	Staða
Hefja verkframkvæmdir í tveimur sveitarfélögum, Vesturbyggð og Fjarðabyggð.	● Aðgerð hafin.

● Aðgerð ekki hafin  
 ● Undirbúningur hafinn  
 ● Aðgerð hafin  
 ● Aðgerð komin vel á veg  
 ● Aðgerð lokið

## Stjórnsýsla umhverfismála Málaflokkur 17.50

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2019 eru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 17.50 Stjórnsýsla umhverfismála.

---

### 1. Að aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sé komin til framkvæmda

Markmiðið er liður í því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við stefnu og markmið Parísarsamningsins og markmið um kolefnishlutleysi Íslands árið 2040.

---

### 2. Að stuðla að aukinni náttúruvernd með friðlýsingu náttúruverndarsvæða

Markmiðið felur í sér að efla náttúruvernd og beinist einkum að stjórnsýslu í tengslum við náttúruvernd.

---

### 3. Að auka rafræna stjórnsýslu og skilvirkni í stjórnsýslunni.

Megintilgangur þessa markmiðs er að tryggja opna og gagnsæja stjórnsýslu málaflokksins og að bæta með markvissum hætti almannþjónustu með rafrænum þjónustuleiðum.

---

Heildarfjárheimild til málaflokksins í fjárlögum 2019 nam 4.175,9 m.kr. og hækkaði um 985,6 m.kr. frá fjárheimildum 2018. Að frátöldum breytingum á rekstrarframlögum í tengslum við áætlun um sértekjur ríkisaðila að fjárhæð 101,2 m.kr. og almennum launa- og verðlagsbreytingum að fjárhæð 167,1 m.kr. voru helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins að fjárheimild var aukin um 338,0 m.kr. til fjármögnunar sértækra aðgerða að frumkvæði stjórnvalda til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og annarra verkefna í loftslagsmálum, sbr. markmið nr. 1 og aðgerðir 1, 2 og 3. Fjárheimild málaflokksins var aukin um 120 m.kr. vegna aukinnar landvörslu í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum auk svæða sem eru undir álagi vegna ágangs ferðamanna, sbr. markmið 1 í málaflokki 17.1 og aðgerð 5 í þessum málaflokki. Fjárheimild til málaflokksins var aukin um 126 m.kr. til vöktunar og rannsókna náttúruverndarsvæða og til styrkingar stjórnsýslu vegna þeirra, sbr. markmið 1 í málaflokki 17.1 og aðgerð 1 í þeim málaflokki. Þar af eru 16 m.kr. til náttúrustofa.

## Árangursmælingar markmiða

### Yfirlit yfir stöðu mælanlegra markmiða í málaflokki 17.50

	Víðmið 2019	Raun 2019
<b>Mælikvarðar fyrir aðgerðaáætlun í loftslagsmálum:</b>		
Að aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sé komin til framkvæmda	Verkefni undir hatti aðgerðaáætlunar í fullum gangi.	Unnið var að flestum aðgerðum.  Vinna við uppfærslu 2. útgáfu aðgerðaáætlunar var hafin.
<b>Mælikvarðar fyrir aukna náttúruvernd:</b>		
Fjöldi friðlýstra svæða.	130	115
<b>Mælikvarðar fyrir aukna rafræna stjórnýslu og skilvirkni í stjórnýslunni:</b>		
Fjöldi þjónustuleiða í rafrænum gáttum.	45	50
Fjöldi stafrænna deiliskipulaga (heildarskipulag).	50	0

## Staða aðgerða

### Yfirlit yfir stöðu aðgerða í málaflokki 17.50

#### Aðgerðir 2019, sbr. fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarp.

Aðgerð	Staða
Unnið verði að framkvæmd verkefna í samræmi við aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og vegvísir að kolefnishlutleysi Íslands 2040, þ.mt. þáttur landnotkunar.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Unnið var að flestum aðgerðum.</li> <li>Vinna við gerð vegvísir um kolefnishlutleysi er hafin.</li> </ul>
Stofnun loftslagssjóðs og úthlutun styrkja úr honum.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Loftslagssjóður stofnaður og auglýst eftir umsóknum. Fyrsta úthlutun 2020.</li> </ul>
Átak í friðlýsingum og verkefni því til stuðnings.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Umhverfisstofnun vinna saman að friðlýsingum þessara svæða í samstarfi við hlutaðeigandi hagsmunaaðila.</li> </ul>
Aukið verður við landvörslu á friðlýstum svæðum auk ýmissa annarra svæða sem eru undir álagi vegna ágangs ferðamanna.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Umhverfisstofnun bætti við 2 ársverkem í landvörslu.</li> </ul>
Unnið verður að undirbúningi að stofnun miðhálandisþjóðgarðs. Þverpólísk nefnd um stofnun þjóðgarðs mun skila tillögum sínum á árinu 2019.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Tillögur þverpólískrar nefndar liggja fyrir og unnið var að gerð frumvarps um hálandisþjóðgarð.</li> </ul>
Unnið að innleiðingu skráningarskyldu í stað starfsleyfisútgáfu.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Rafræn gátt langt komin.</li> </ul>
Lokið við kortlagningu þjónustuleiða og unnin áætlun um innleiðingu rafrænnar þjónustu fyrir þær.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kortlagning hafin.</li> </ul>
Undirbúningur að samtengingu rafrænna byggingarleyfa og stafræns skipulags.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Innleiðing hafin.</li> </ul>
Framkvæmd aðgerðaáætlunar í kjölfar 2. landskýrslu Íslands um innleiðingu Árósasamningsins	<ul style="list-style-type: none"> <li>Aðgerð hafin.</li> </ul>
Hafinn verði undirbúningur að strandsvæðaskipulagi fyrir Austfirði og Vestfirði.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Aðgerð hafin.</li> </ul>

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

# Yfirlit um ráðstöfun varasjóða ásamt skuldbindandi styrk- og samstarfssamningum

## Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða

Varasjóðir ráðuneytisins eru á fjárlagaliðnum 14-998. Um er að ræða varasjóð mála- flokks 17.1 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla, málaflokks 17.2 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands og málaflokks 17.5 Stjórnsýsla umhverfismála.

Fjármunum var ráðstafað í og úr varasjóðum eftirfarandi málaflokka á árinu 2019:

### Ráðstöfun varasjóða á árinu 2019

	<b>Fjárhæð</b>
<b>17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla</b>	
Staða varasjóðs í upphafi árs	4,0
Framlag í varasjóð	13,0
Vernd Breiðafjarðar	-1,5
Vatnajökulsþjóðgarður	-15,5
<b>Staða varasjóðs í lok árs</b>	<b>0,0</b>
<b>17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands</b>	
Staða varasjóðs í upphafi árs	15,7
Framlag í varasjóð	13,0
<b>Staða varasjóðs í lok árs</b>	<b>28,7</b>
<b>17.50 Stjórnsýsla umhverfismála</b>	
Staða varasjóðs í upphafi árs	76,0
Framlag í varasjóð	22,1
Millifært á varasjóð	12,6
Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála	-14,2
Skipulagsstofnun	-13,0
<b>Staða varasjóðs í lok árs</b>	<b>83,5</b>

Fjárhæðir í milljónum króna



## Verkefna- og rekstrarstyrkir og skuldbindandi styrktarsamningar

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið veitir árlega styrki til verkefna sem falla undir málefnasvið ráðuneytisins og eru á vegum félaga, samtaka og einstaklinga. Markmið verkefnastyrkja er að styrkja einstök verkefni á sviði gróðursetningar, skógræktar og náttúrverndar, til loftslagstengdra verkefna, til verkefna um fjölbreytileika lífríkis, vistvænna ferðamáta, varnir gegn mengun s.s. plasts, rannsókna á líf- og dýraríki og til ýmiskonar þekkingaröflunar með þátttöku í erlendu samstarfi auk annarra umhverfisverkefna. Í verkefnaúthlutun ráðuneytisins af fjárlögum 2019 voru 36 milljónir króna til ráðstöfunar. Heildarupphæð umsókna um verkefnastyrki nam 141 milljónum króna en styrkir voru veittir til 27 aðila að upphæð 36 m.kr.

Ráðuneytið veitir einnig rekstrarstyrki til félagasamtaka sem starfa á málavíði ráðuneytisins, eru opin fyrir almennri aðild og starfa ekki í hagnaðarskyni. Í ár námu umsóknir tæpum 58 milljónum króna en til úthlutunar voru tæpar 20 milljónir. Styrkir voru veittir til 18 aðila.

Yfirlit yfir styrkhafa verkefna- og rekstrarstyrkja má sjá á [vef ráðuneytisins](#).

Auk framangreindra verkefna- og rekstrarstyrkja er umhverfis- og auðlindaráðuneytið með skuldbundinn styrktarsamning gagnvart Skógræktarfélagi Íslands er árlega nemur 33,3 m.kr. Umhverfis- og auðlindaráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneytið hafa sameiginlega staðið að styrktarsamningi við Landvernd vegna reksturs Grænfána-verkefnis sem er ætlað að efla umhverfisvitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skóla og nam styrkur til verkefnisins 24 m.kr. árið 2019 og skiptist þannig að Mennta- og menningarmálaráðuneyti greiddi 10 m.kr. og Umhverfis- og auðlindaráðuneyti 14 m.kr.

# Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila

Grafið hér á eftir sýnir uppsöfnuð rekstrarfrávik hjá einstökum ríkisaðilum og verkefna-  
liðum. Um er að ræða rekstrarniðurstöðu ársins að viðbættum höfuðstól frá árinu  
2018. Niðurstaðan sýnir að meirihluti ríkisaðila og verkefna var með jákvæðan  
höfuðstól um síðustu áramót en 6 þeirra með neikvæðan höfuðstól. Skýringar  
á frávikum ríkisaðila er að finna framar í skýrslunni.

